

**Hjúkrunarheimilið Sólvellir,
Eyrarbakka**
Niðurstöður úttektar í apríl 2013

Júní 2013

Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 41/2007 hefur Embætti landlæknis faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisstofnana og starfi heilbrigðisstétta. Jafnframt er Landlæknir ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar varðandi heilbrigðismál og undir eftirlit embættisins heyra rúmlega tvö þúsund rekstrareiningar.

Embætti landlæknis notar margvíslegar leiðir til að sinna þessum lagaákvæðum og styðst m.a. við gæðaviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

Aðferðir

Í apríl 2013 gerði Embætti landlæknis úttekt á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Sólvöllum á Eyrarbakka. Fyrir úttektina var leitað eftir ákveðnum upplýsingum frá stjórnendum heimilisins um þætti er varða þjónustu, húsnæði og aðbúnað, mannaúsmál, gæðamál, lyfjamál, skráningu, atvik og öryggismál. Spurningalisti var í því skyni sendur á Sólvelli og bárust svör við þeim spurningum um miðjan apríl síðastliðinn. Athugað var hvort kvartanir hefðu borist embættinu varðandi þjónustu heimilisins á síðastliðnu ári en svo reyndist ekki vera. Þá voru niðurstöður úr RAI mati skoðaðar.

Fulltrúar Embættis landlæknis; Anna Björg Aradóttir sviðsstjóri og Laura Sch. Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri fóru í úttektarheimsókn þann 23. apríl 2013. Fundað var með Ingibjörgu Gunnarsdóttur, forstöðumanni, Rán Jósepsdóttur, hjúkrunarfræðingi og Guðjóni Guðmundssyni, sem er í stjórn heimilisins og farið yfir ýmis gögn sem tengdust úttektinni.

Meginniðurstöður

Notendamiðuð þjónusta – hugmyndafræði og stefna

Hugmyndafræði hjúkrunar- og dvalarheimilisins Sólvalla er, að sögn stjórnenda heimilisins, að bæta lífi við árin með því að búa íbúum vistlegt heimili með það að markmiði að íbúar njóti trúnaðar og öryggis.

Við komu á heimilið fá nýir íbúar og/eða aðstandendur bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um helstu þætti er varða starfsemi og þjónustu heimilisins. Ekki eru haldnir reglulegir fjölskyldufundir á Sólvöllum heldur eftir þörfum á hverjum tíma. Áhersla er lögð á að hafa sem best samskipti við aðstandendur og gott aðgengi er að forstöðumanni og öðrum starfsmönnum heimilisins.

Þjónustupættir

Hjúkrun og umönnun

Íbúum á Sólvöllum er tryggð umönnunarþjónusta allan sólarhringinn og ber forstöðumaður sem er sjúkraliði ábyrgð á vöktum, ýmist á staðnum eða á bakvakt. Íbúar heimilisins hafa ekki skilgreindan umönnunaraðila enda er heimilið lítið. Við hjúkrun íbúa sem þurfa á líknandi meðferð að halda er stuðst við verklagsreglur Landspítalans sem eru til staðar í starfsmannahandbók.

Læknisþjónusta

Jórunn V. Valgarðsdóttir læknir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu) er jafnframt læknir Sólvalla og fylgist hún reglulega með heilsufari íbúa heimilisins. Við komu (eða fljótlega eftir komu) á heimilið er gerð almenn læknisskoðun og upplýsinga um heilsufar aflað hjá íbúa og/eða aðstandanda. Reglulega er fylgst með heilsufari íbúa og haft samband við lækni ef veruleg breyting verður á ástandi. Fyrir hendi eru verklagsreglur um viðbrögð við bráðum veikindum. Starfsmenn heimilisins sjá um að panta tíma og að koma viðkomandi til tannlæknis eftir þörfum og sama á við um aðra sérfræðilæknisþjónustu

Þjálfun, virkni og sálgæsla

Hvorki er starfandi sjúkraþjálfari né iðjuþjálfari við heimilið en að sögn forstöðumanns er stefnt að því að fá sjúkraþjálfara í hálfstarf en það hefur ekki enn orðið að veruleika. Þeir sem þurfa á sjúkraþjálfun að halda geta fengið þá þjónustu á Selfossi. Hins vegar er ágætis aðstaða til þjálfunar í húsinu. Leikfimi er tvisvar sinnum í viku,

30-40 mín. í senn. Góð aðstaða er fyrir fönðurstarf í stóru fjölnota rými í kjallara hússins og er boðið upp á handavinnu einu sinni í viku og oftár ef færi gefst. Einnig er sérstakt bókaherbergi á annarri hæð.

Ekki er um reglulegt messuhald á heimilinu að ræða en presturinn á Eyrarbakka kemur einu sinni í viku á Sólvelli, les upp og talar einslega við fólk ef leitað er eftir því.

Fæði/mötuneyti

Allur matur er eldaður á staðnum og lögð áhersla á að íbúar fái hollan, næringarríkan og góðan heimilismat og þeir íbúar sem á þurfa að halda fá sérþæði. Á Sólvöllum er heimilislegur bragur og hafa aðstandendur tök á að borða með íbúa sé þess óskað auk þess sem aðstandendur geta fengið leyfi til að elda á staðnum eða koma með mat að heiman.

Önnur þjónusta

Íbúar Sólvalla hafa aðgang að hársnyrtingu og fót snyrtingu eftir þörfum. Allur þvottur heimilisins er þveginn á staðnum.

Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði Sólvalla er á tveimur hæðum og tvær lyftur eru í húsinu. Húsnæði er vel við haldið og snyrtilegt enda hefur, að sögn forsvarsmanna heimilisins, viðhald þess ávallt verið sett í öndvegi. Alls búa 16 íbúar á heimilinu, 3 í hjúkrunarrýmum og 13 í dvalarrýmum, allir í einbýlum. Í nýjustu álmunni sem tekin var í notkun árið 2009 eru 8 herbergi, öll með sér snyrtingu, fjögur herbergi niðri og fjögur uppi. Í eldri álmunni eru 10 herbergi, nokkuð rúmgóð og í góðu ástandi en salernisaðstaða er sameiginleg, sjö íbúar deila fimm salernum en uppi eru áform um að setja salerni í öll herbergi í eldri álmunni. Tvö þessara herbergja eru laus þar sem ekki hefur fengist leyfi fyrir fleiri hjúkrunarrýmum.

Allir íbúar hafa aðstaðu til að hafa hjá sér persónulega muni og húsgögn og geta tekið á móti gestum í eigin vistarverum, setustofu og öðrum sameiginlegum rýmum heimilisins. Ekki er lokaður garður fyrir utan en hiti er í stétt þannig að hægt er að ganga í kringum húsið flesta daga ársins.

Ávallt er tekið tillit til athugasemda frá Vinnueftirliti og Heilbrigðiseftirliti þegar þær hafa borist og reynt að finna viðunandi lausnir. Síðast voru gerðar athugasemdir varðandi hitastig á heitu vatni í handlaugum herbergja íbúa og verið er að vinna í því að lagfæra það.

Mannauðsmál

Mönnun

Hjúkrunarfræðingur í 10% stöðugildi kemur á heimilið 2svar sinnum í viku, tvær stundir í senn. Samningur er um að hækka stöðuhlutfall í 20% tímabundið, t.d. vegna RAI-mats. Á Sólvöllum starfa þrjú sjúkraliðar og níu ófaglærðir starfsmenn. Þrjú til fimm starfsmenn eru á morgunvöktum, tveir til þrjú á kvöldvakt og einn starfsmaður á næturvakt. Forstöðumaður heimilisins er sjúkraliði og sinnir hún bakvöktum á kvöldin og nóttunni. Þá er alltaf hægt að ná í lækni í síma ef þörf krefur.

Ráðningaferli/starfsleyfi

Starfsmenn sem hefja störf á Sólvöllum þurfa að framvísa gildu starfsleyfi ef um löggilta heilbrigðisstétt er að ræða. Allir starfsmenn undirrita þagnarskylduheit um leið og þeir skrifa undir starfssamning. Nýir starfsmenn fá upplýsingar og leiðsögn hjá reyndum starfsmanni ásamt því að farið er ítarlega yfir starfsmannahandbók og gátlisti notaður til að tryggja að farið hafi verið í öll atriði.

Starfsmannavelta er að sögn forstöðumanns lítil sem og fjarvistir.

Boðið er upp á influensubólusetningu og starfsfólk hvatt til að láta bólusetja sig.

Gæðamál og ýmsir faglegir þættir

Vísir að gæðahandbók er til staðar þar sem m.a. má finna verklagsreglur um líknandi meðferð og handþvott. Ítarleg starfsmannahandbók er fyrir hendi

Skjalfest stefna varðandi gæði, starfsmannamál, lyfjamál og umhverfis- og öryggismál liggur ekki fyrir í heild sinni. En eins og fram kemur hér að framan þá er áhersla lögð á að skapa heimilislegt andrúmsloft og leitast við að sinna þörfum hvers og eins íbúa eftir því sem tæk eru á.

Ekki er vitað til að neinar sýkingar hafi komið upp á heimilinu síðustu árin.

Lyfjamál

Lyf íbúa eru skömmtuð frá SA-lyfjaskömmun. Lyf eru geymd í læstum skáp og hefur forstöðumaður heimilisins, ásamt lækni og hjúkrunarfræðingi, lykil að skápnum. Lyfjagjafir eru skráð á lyfjablöð sem fylgja upplýsingum um íbúa. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla, lyf sem gefin eru eftir þörfum eru skráð og ekki gefin nema í samráði við forstöðumann eða lækni ef um er að ræða önnur lyf en væg verkjalyf. Lyfjafræðingur á vegum Lyfja og heilsu starfar fyrir heimilið og lyfjaþjónusta er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar. Til stendur að

fylgjast með lyfjagæðavísunum sem Embætti landlæknis hefur mælt með og nýta niðurstöður.

Skráning

Læknisfræðileg skráning er á ábyrgð læknis heimilisins og eru þær skráðar í Sögu. Hjúkrunarskráning er á stöðluðum eyðublöðum (frá Hrafnistu) sem geymd eru í möppu hvers íbúa. Dagleg hjúkrunarskráning er skráð í *word* og prentuð út og geymd í möppu íbúans ásamt öðrum pappírnum sem tilheyra honum.

Atvik/kvartanir

Atvikaskráning er á ábyrgð forstöðumanns og hjúkrunarfræðings og þau atvik sem upp koma eru skráð á þar til gerð atvikaskráningarblöð. Ekki voru skráð nein alvarleg atvik á síðasta ári.

Ekki er til skrifleg verklagsregla um hvað á að gera þegar heimilinu berst kvörtun vegna þjónustu eða samskipta en slíkar kvartanir eiga að berast til forstöðumanns heimilisins.

Öryggismál

Skrifleg rýmingaráætlun er ekki til en stjórn Sólvalla er að vinna að slíkri rýmingaráætlun í samvinnu við Brunavarnir Árnassýslu. Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu og reglulega er farið yfir með starfsfólki hvernig bregðast skuli við ef eldur kemur upp á heimilinu en um eiginlegar brunaæfingar hefur ekki verið að ræða.

Stjórn Sólvalla er boðin og búin að bæta aðstæður heimilis- og starfsmanna sé þess kostur. Því eru allar hugmyndir um umbætur í öryggismálum skoðaðar gaumgæfilega. Reynt er að gæta öryggis heimilisfólks eins og best verður á kosið. Húsinu er læst á kvöldin, brunakerfi er í húsinu, hægt er að læsa öllum herbergjum og brunaútgangar eru víða. Þá eru öryggishnappar í hverju herbergi.

Öryggisútbúnaður við umönnun er einungis notaður til að tryggja öryggi íbúa en ekki eru til eyðublöð fyrir upplýst samþykki ef notuð eru höft eða öryggisútbúnaður.

RAI mat

Hjúkrunarfræðingur heimilisins ber ábyrgð á skráningu RAI mats. Reglulega er fylgst með niðurstöðum úr RAI mati og eru niðurstöðurnar prentaðar út og kynntar starfsfólki. Gæðavísar eru nýttir til að huga betur að þeim þáttum sem þörf er á. Hjúkrunarfræðingur og annað starfsfólk hefur komið með tillögur til umbóta varðandi umönnun og annað sem talið er að geti stuðlað að bættum hag íbúa og hefur því verið vel tekið.

Gæðavísar eru 20 talsins og þegar skoðaðir eru gæðavísar frá síðasta matstímabili kemur í ljós að flestir gæðavísar eru í lagi.

Samantekt og tillögur til úrbóta

Mönnun

Embætti landlæknis mælir með því að starfshlutfall hjúkrunarfræðings verði aukið í 20% til þess að hægt sé að sinna líknandi meðferð og annarri flóknari hjúkrunarmeðferð á heimilinu.

Flutningur íbúa á heimilið

Verklag við inntöku íbúa á heimilið er í góðu lagi.

Þjálfun/virkni og sálgæsla

Sjúkra- eða iðjuþjálfun er ekki til staðar á heimilinu en góð aðstaða er fyrir virkni og félagsstarf.

Fæði og mötuneyti

Í góðu lagi.

Húsnæði og aðstaða

Húsnæði Sólvalla er í góðu lagi og almennt vel við haldið.

Öryggi og eftirlit

Þar sem heimilið er lítið og nálægð mikil telur Embætti landlæknis að öryggiskröfum sé fullnægt.

Gæðastarf

Vísir að gæðahandbók er fyrir hendi og til eru verklagsreglur varðandi ýmsa þætti hjúkrunar/umönnunar. Ítarleg starfsmannahandbók er fyrirbyggjandi.

Atvik /kvartanir

Atvikaskráning í góðu lagi.

Sjúkraskrár

Sjúkraskrár eru skráðar í Sögu og skráning góð.

Hjúkrunarskrár

Hjúkrunarskráning er vönduð og reglulega uppfærð.

RAI skráning

Í góðu lagi og reglulega er fylgst með niðurstöðum.

Lyfjamál

Í góðu lagi. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla. Lyfjaþjónusta Sólvalla er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar.

Almennt um hjúkrunarheimilið

Augljóst er að starfsfólk lætur sér annt um vellíðan og velferð íbúanna á Sólvöllum.

Embætti landlæknis þakkar fyrir góða samvinnu við gerð úttektarinnar.